



Borgarholtsskóli
bókmennt • handmennt • siðmennt

A black and white photograph of a group of children in a schoolyard. The children are dressed in school uniforms and are standing in a line, some with their arms raised. In the background, there is a large, multi-story building with a prominent chimney. The entire image is framed by a thin black border.

LÝÐRÆÐI Í VERKI

Lokaskýrsla til Sprotasjóðs

Efnisyfirlit

Grunnupplýsingar	2
Markmið verkefnis samkvæmt umsókn	2
Leiðir sem valdar voru til að ná markmiði	3
Framkvæmd.....	3
Frávik miðað við áætlun verkefnisins	4
Helstu hindranir sem komu upp við vinnu verkefnisins	4
Helsti ávinningur af vinnu við verkefnið	4
-jákvæð atriði sem fylgdu í kjölfar eða voru samhliða verkefnisvinnu.....	4
Mat á verkefninu samkvæmt umsókn.....	6
-hefur verkefnið eða mun það hafa áhrif á skólastarfið í heild?	6
Niðurstöður verkefnisins:	6
Áætlun um kynningu á afrakstri verkefnisins og helstu niðurstöðum	6
Lokaorð.....	6
Fylgiskjöl	Error! Bookmark not defined.
Rekstrarreikningur.....	Error! Bookmark not defined.
Fundarboð til nemenda	8
Skráningarblað (H-H-H-H-blað).....	9
Helstu niðurstöður umræðna.....	10

Lokaskýrsla til Sprotasjóðs vegna verkefnisins

Lýðræði í verki

Grunnupplýsingar

Nafn skóla: Borgarholtsskóli

Nafn verkefnis: Lýðræði í verki

Nafn verkefnisstjóra: Ingi Bogi Bogason

Númer samnings og hvaða ár verkefnið hlaut styrk: 112. 2011-2012

Markmið verkefnis samkvæmt umsókn

Markmið verkefnisins, eins og þau voru sett fram í umsókninni til Sprotasjóðs, var að þróa og innleiða námsaðferðir og starfshætti í Borgarholtsskóla (BHS) sem byggja á lýðræðislegum vinnubrögðum og mannréttindum. Verkefnið er eðlilegt framhald af nýrri stefnuskrá skólans. Lögð er áhersla á að nemendur beri í auknum mæli á ábyrgð á athöfnum sínum og séu gerendur í eigin lífi. Til þess verða þróuð verkefni, verkfæri, námsmat, náms- og kennsluáðferðir sem tryggja virkni, jafnan aðgang og þátttöku allra sem að verkefninu koma. Á þennan hátt verður ábyrgð og áhugahvöt nemenda virkjuð og lýðræðislegt gildismat, virðing og umhyggja fyrir mannréttindum eflað. Starfshættir í anda lýðræðis og mannréttinda verða þróaðir þvert á skóla- og grenndarsamfélagið, t.d. með uppbrotsdögum og skóla- og málfundum um málefni líðandi stundar.

Í þessu samhengi má nefna aðferð eins og „cooperative structure“ en hugmyndafræði hennar byggir að stórum hluta á hugmyndafræði lýðræðis, jafnri þátttöku og jöfnum aðgangi þátttakenda. Þetta er í anda hugmyndafræði nýrrar aðalnámskrár (2011) og Evrópuráðsins í tengslum við menntun til menningarlegrar þátttöku (Intercultural Education) og menntun til lýðræðis (Education for Democratic Citizenship (http://www.coe.int/t/dg4/education/pestalozzi/home/default_en.asp)).

Undirmerkið: Að innleiða hugmyndafræði lýðræðis og mannréttinda þvert á deildir og svið í Borgarholtsskóla í anda þeirrar stefnu sem mörkuð hefur verið með nýjum framhaldsskólalögum og nýrri aðalnámskrá (2011) og birtist í nýrri stefnuskrá skólans.

- Að innleiða lýðræðislega starfshætti í Borgarholtsskóla og skapa frjósaman jarðveg fyrir lýðræði og mannréttindi til framtíðar á öllum sviðum.
- Að nemendur og starfsmenn öðlist skilning á mikilvægi lýðræðis og mannréttinda.
- Að nemendur og starfsmenn öðlist hæfni á að beita fjölbreyttum aðferðum lýðræðis og verði þannig virkari til þátttöku í lýðræðisþjóðfélagi.
- Að nemendur og starfsmenn vinni að fjölbreyttum verkefnum sem taka mið af hugmyndafræði lýðræðis og mannréttinda.
- Að hanna verkfæri í anda lýðræðis og mannréttinda þar sem áherslan verður á umburðarlyndi, víðsýni og fjölbreytileika samfélagsins.
- Að stuðla að fjölbreyttum lýðræðislegum aðferðum við nám og kennslu til að mæta fjölbreyttum nemenda- og starfsmannahópi.

Verkefnið styrkir stöðu Borgarholtsskóla sem skóla fyrir alla í anda lýðræðis og mannréttinda með því að skapa samábyrgt og sjálfbært samfélag.

Leiðir sem valdar voru til að ná markmiði

Þar sem styrkurinn sem veittur var til verkefnisins var einungis um fjórðungur af upphaflegri kostnaðaráætlun var strax í upphafi ljóst að endurskoða þyrfti umfang verkefnisins og fækka þeim verkþáttum sem tekist yrði á við. Í umsókn voru tilteknir þrír verkþættir og var væntanlegum afurðum þeirra lýst svo:

- a) Verkefnabanki - verkfæri - menntaðir og meðvitaðir starfsmenn þvert á skólann - námsmatsaðferðir - kennsluáðferðir - námsaðferðir.
- b) Áfangalýsingar þvert á námsgreinar sem taka mið af menntun til lýðræðis og mannréttinda.
- c) Líkan af uppbrotsdögum og framkvæmd skóla- og málfunda t.a.m. með þjóðfundarformi þar sem áhersla verður á málefni líðandi stundar.

Eftir miklar umræður meðal kennara og annarra starfsmanna sem sérfróðir geta talist um kjarna lýðræðislegra hugmynda var komist að þeirri niðurstöðu að vænlegast væri að velja þær áherslur sem fram koma undir staflið c) hér að ofan þar sem þær gætu leitt skólasamfélagið næst þeim markmiðum sem sett voru í upphafi.

Ákveðið var að skipuleggja viðburð þar sem nemendum og kennurum gæfist kostur á að rýna með lýðræðislegum hætti á ýmsa þætti skólastarfsins. Byggt var á hugmyndum meðal annars frá Menntaskólanum við Hamrahlíð, Samfés og Þjóðfundinum. Var megin áhersla lögð á að þetta væri þróunarverkefni og því var ákveðið að hafa málefni einföld og tíma til umræðu hæfilegan.

Fundurinn var haldinn þann 12. apríl sl. Undirbúningsnefndin var skipuð þeim Inga Boga Bogasyni, aðstoðarskólameistara BHS og verkefnisstjóra, Unni Gísladóttir, framhaldsskólakennara, og Antoni Má Gylfasyni, kennslustjóra bóknáms. Hittist nefndin reglulega á mánaðar tímabili til þess að skipuleggja viðburðinn. Megin áhersla var lögð á að skapa grundvöll þar sem raddir nemenda fengju hljómgrunn á jafningjagrundvelli. Með því að vinna með, til og í lýðræði og að starfsfólk og nemendur finndu til samábyrgðar og aukinnar meðvitundar um málefni sem snúa að starfi og félagslífi skólans. Einnig var lögð áhersla á að hvetja til gagnrýnnar samræðu, svo að skólinn geti mótað starf sitt með tilliti til hugmynda nemenda. Hvetja skal nemendur til virkni, vitundar (borgaravitundar), ábyrgðar og gagnrýnnar hugsunar.

Framkvæmd

Fundurinn var haldinn á sal skólans þann 12. apríl. Hófst hann um kl. 11.20 og stóð fram yfir kl. 13.00. Til hans voru bæði nemendur og starfsmenn boðaðir. Nemendurnir voru valdir þannig að tekið var hlutfallslegt slembiúrtak af brautum skólans og var leitast við að láta kynjahlutfall boðsgesta endurspeglar það sem raunverulega er í skólanum. Til fundarins voru boðaðir 120 nemendur en skipuleggjendur þjuggust við töluverðum afföllum. Var boðinu komið til þátttakenda með smáskilaboðum (SMS) og tölvupósti, en það er reynsla skipuleggjenda að tölvupósturinn sé víkjandi fyrirbæri í samskiptum nemenda skólans og var því brugðið á það ráð að láta skráningarnar fara fram í gegn um www.facebook.com. Tókst það ágætlega en fyllt var í skörð þeirra sem ekki skráðu sig með því að þjóða kennurum, t.d. í tungumálum og félagsgreinum að senda nemendahópa á fundinn. Á endanum náðist til um 80 nemenda sem var vel ásættanlegt.

Kennarar voru valdir úr hópi þeirra sem ekki áttu að vera í kennslu á þeim tíma sem fundurinn stóð. Var þeirra hlutverk að vera umræðustjórar og ritarar. Leitast var við að velja kennara þvert á brautir skólans en þátttaka var að sjálfsögðu valfrjáls. Gekk vel að manna allar stöður og mættu 10 áhugasamir kennarar.



Fundurinn hófst með ávarpi skólameistara, Bryndísar Sigurjónsdóttir. Þá kynnti Unnur Gísladóttir fyrirkomulag fundarins og sagði nokkur orð í þeim tilgangi að stilla saman hugi fundargesta. Því næst hófst sjálft hópastarfið. Kennarar sem voru hópstjórar höfðu hist á fundi deginum áður og voru þar lagðar línur um þeirra hlutverk. Sammæltist hópurnir um að rétt væri að hafa eins lítil afskipti af umræðunni sjálfri og unnt væri og að grípa ekki inn í nema sérstök þörf væri á t.d. ef nemendurnir ættu erfitt með að halda umræðunni gangandi eða ef einhver einn einokaði umræðuna. Gekk umræðan vel í öllum hópum.

Umræðunni var skipt í þrjár 20 mínútna lotur. Fyrsta umræðuefnið var *skólastofan* og átti hópurnir að hafa hugflæði um allt það sem viðkemur starfinu í skólastofunni. Næsta 20 mínútna lota var tileinkuð *skólanum sem heild* og að lokum ræddu hópurnir um *félagslífið og skólabraginn*. Rætt var vítt og breytt um málefnið en í lok hverrar lotu þurfti hver hópur að koma sér saman um það sem skráð yrði á þar til gert skráningarblað (svokallað H-H-H-H-blað, sjá fylgiskjal 3).

Eftir um klukkustundar umræðu völdu hópurnir sér fulltrúa til þess að koma í pontu og kynna helstu niðurstöður síns hóps. Voru kynningarnar hugsaðar sem lokapunktur fundarins. Niðurstöðum var að lokum safnað saman og þátttakendum boðið upp á kökur og drykkjarföng.



Frávík miðað við áætlun verkefnisins

Frávík frá upphaflegri áætlun eru því nokkuð mikil. Þó má færa fyrir því rök að unnið hafi verið að flestum þeim markmiðum sem þar voru sett fram. Vissulega hefði verið ákjósanlegt að geta gengið lengra í að ná markmiðunum en aðstandendur verkefnisins telja að töluvert hafi þökast í átt að aukinni vitund um lýðræði í skólasamfélagi BHS.

Helstu hindranir sem komu upp við vinnu verkefnisins

Segja má að helsta hindrunin hafi í upphafi verið að finna starfsmenn í skólanum sem áhuga höfðu á að taka verkefnið að sér ásamt verkefnisstjóra. Þegar sá þröskuldur hafði verið yfirstiginn gekk þróun, skipulagning og framkvæmd verkefnisins vel fyrir sig.

Helsti ávinningur af vinnu við verkefnið

-jákvæð atriði sem fylgdu í kjölfar eða voru samhliða verkefnisvinnu

Ávinningurinn af framkvæmd verkefnisins er sá helstur að vinna við það hefur aukið almenna vitund meðal nemenda og starfsfólks BHS um mikilvægi lýðræðislegrar nálgunar við nám og kennslu. Raddir

nemenda hafa verið dregnar upp á yfirborðið með áberandi hætti og eru líkur á að þær fái að hljóma hátt og skýrt í framtíðinni ef rétt er haldið á málum. Þegar hefur verið ákveðið að nemendapring með svipuðu sniði og það sem er til umræðu hér verði gerður að árvissum atburði í skólalífinu. Til greina kemur að slík þing verði haldin oftár í þegar fram líða stundir.

Þegar hafa niðurstöður lýðræðisfundarins verið nýttar til umbóta í skólastarfinu og ætlunin er að halda áfram að vinna úr þeim:

Vorið 2013:

- 12. apríl sl. tóku um 80 nemendur þátt í lýðræðisfundi ásamt hópi kennara sem voru borðstjórar. Markmið fundarins var að gefa nemendum kost á að tjá sig um hvað betur mætti fara í skólastarfseminni, bæði í kennslu og félagslífi.
- Þá var jafnframt tekin ákvörðun um að kaupa teketil sem verður aðgengilegur nemendum í matsal. Það var gert.
- Tekin var ákvörðun að bjóða kennurum upp á kennslu í „Spegilkennslu“ sem var ein þeirra hugmynda sem kom fram. En það er liður í því að hvetja kennara til fjölbreyttari kennslu. Hópur kennara fór á námskeið um speglaða kennslu hjá Keili.

Haustið 2013:

- Byrjað var á því að kynna helstu niðurstöður kennurum á fyrsta kennarafundi misserisins.
- Í október kusu nemendur um þau meginatriði sem þau vildu leggja áherslu á. Á lýðræðisfundinum fæddust margar hugmyndir og voru þær í kjölfar fundarins flokkaðar og yddaðar. Eftir stóðu 14 umbótaverkefni sem nemendur tóku svo afstöðu til í kosningu á netinu sem m.a. var kynnt á facebook. Nemendur voru beðnir að velja mikilvægasta umbótaverkefnið. 30% töldu mikilvægast að minnka vinnuálag síðustu vikur fyrir próf, 26% töldu mikilvægast að kennslustundir væru 60 mínútna langar. Í þriðja sæti, með 7%, varð yrðingin um að hverri önn skyldi skipt í tvær sjálfstæðar tarnir. 701 nemandi tók þátt í kosningunni sem verður að teljast góð þátttaka.
- Áhugi er fyrir því að fá nemendur til þess að ígrunda:
 - Hvernig vinnum við með tækninni (símunum og tölvunum, facebook, insta, snapchat, twitter). Hvað er eðlilegt í því samhengi?
 - Hvernig vekjum við nemendur/örvum til þátttöku? Hverjar eru þarfir nemenda?

Vorið 2014:

Á starfsdögum kennara í lok febrúar var unnið í hópum með hugmyndir tengdar lýðræðisfundinum. Til umræðu var skipulag skólastarfseminnar og fléttaðist inn í hana hugsanleg stytting kennslustunda úr 80 mín. í 60 mín. og skipting annarinnar í tvær tarnir. Unnið var m.a. í þessum hópum:

- **Lýðræðisleg kennsla.** Í þessum hópi var rætt um traust, virkni, valdeflingu, stöðupróf og lotukerfi sem aðferðir til þess að efla lýðræðislega kennslu. Mikið var rætt um óformlegt nám (e. *Non-formal education*) og kosti þeirrar námsaðferðar.
- **Spegluð kennsla.** Í þessum hópi var rætt um kosti og hindranir í speglaðri kennslu. Sytrkleikar felast í fjölbreytni, meiri virkni í tíma, aðferð til að fá nemendur til að undirbúa sig

fyrir tíma. Meðal þess sem getur reynst hindrun er skortur á tækni og tæknilegri aðstoð við kennara og nemendur.

- **Verkstæðisfyrirkomulag.** Skólastjóri Raftækniskólans upplýsti kennara um nýtt fyrirkomulag í Raftækniskólanum, sk. verkstæðisfyrirkomulag. Vísir að þessu fyrirkomulagi er í sumum greinum í BHS. Kennarar eru áhugasamir um að kanna og prófa frekar þetta fyrirkomulag.



Mat á verkefnum samkvæmt umsókn

-hefur verkefnið eða mun það hafa áhrif á skólastarfið í heild?

Sjá fyrri kafla.

Niðurstöður verkefnisins:

Niðurstaðan er, eins og áður sagði, sú að lýðræðisfundur nemenda og kennara í BHS eru komnir til að vera. Enn er töluvert í að úrvinnsla þeirra gagna sem til urðu á fundinum sé lokið en ætlunin er að sú að niðurstöðurnar muni verða notaðar til umbóta í skólastarfinu.

Áætlun um kynningu á afrakstri verkefnisins og helstu niðurstöðum

Niðurstöðurnar hafa þegar verið kynntar að nokkru marki á fundum stjórnenda og í málgagni skólameistara og hafa jafnframt verið kynntar á almennum kennarafundi haust 2013 og á heimasíðu skólans.

Lokaorð

Hugtökin 'lýðræði' og 'skólastarf' hafa verið samofin í umræðu um skólastarf meðal skólafólks. Sá styrkur sem Sprotasjóður veitti BHS til verkefnisins Lýðræði í verki hefur átt sinn þátt í að skerpa enn frekar umræðuna um lýðræði hér í skólanum. Vonumst við, undirrituð, til þess að áhrif verkefnisins á framkvæmd lýðræðis innan veggja BHS verði víðtæk og varanleg.

Reykjavík, 27. mars 2014

Ingi Bogi Bogason
Aðstoðarskólameistari, verkefnisstjóri

Bryndís Sigurjónsdóttir
Skólameistari BHS

Fylgiskjöl:

1. Fundarboð til nemenda
2. Skráningarblað (H-H-H-H-blað)
3. Helstu niðurstöður umræðna

Fundarboð til nemenda

Ágæti nemandi.

Þér er boðið að taka þátt í fundi um lýðræði og mannréttindi við Borgarholtsskóla. Þetta er einstakt tækifæri til þess að láta rödd sína hljóma í lýðræðislegri samræðu um skólastarfið. Hér er um spennandi tilraun að ræða sem fróðlegt verður að sjá niðurstöður úr.

Markmiðið er að starfsfólk og nemendur finni til samábyrgðar og aukinnar meðvitundar um málefni sem snúa að starfi og félagslífi skólans. Niðurstöður fundarins verða nýttar til breytingar í skólanum sem markast af þörfum og hugmyndum nemenda.

Fundurinn fer fram föstudaginn 12. apríl kl. 11.20-12.40 og fer fram með nýstárlegum hætti. Nemendum sem hefur verið boðið að taka þátt fá leyfi úr tíma og eiga að mæta í matsal skólans.

Skráningarblað (H-H-H-H-blað)

(Smækkuð útgáfa)

	Hvað	Hvernig/af hverju?	Hver	Hvenær
Skólastofan				
Skólinn				
Félagslífið				

Helstu niðurstöður umræðna

Þátttakendur voru 80 talsins og umræður tóku rétt um klukkutíma. Hér verður greint frá helstu niðurstöðum.

Skólastofan

Rýmið:

- Stytta tíma í 60 mín. (líklegra að kennarar séu líflegri)
- 4 annir (hverju misseri skipt í tvennt)
- Færri nemendur í hverjum áfanga, 14-20 í bóknámi, 10-15 verknámi
- Of litlar kennslustofur eða of mörg borð og stólar í rýminu
- Bæta loftræsikerfið og setja filmur á glugga í stað þykkra gluggatjalda
- Betri tölvur í stofurnar (almenn ánægja með tölvur á bókasafni og listnámstölvurnar)
- Fleiri innstungur
- Betri stóla í kennslustofurnar

Kennslan og kennarinn:

- Kennsla ætti að fara meira fram í tölum kemur meiri skipulagi á námsefnið og umhverfisvænna, kennarar miðla til nemenda í gegnum námsvef – Kennarar nota **MOODLE** meira, það ýtir undir ábyrgð nemenda
- Kennarar sveigjanlegri og sanngjarnari, draga úr mismunun t.d. ekki selja ljósrit, álag í aðdraganda prófa, fljótandi fjarvistir, skýrar starfsreglur sem eru sýnilegar (t.d. hvað varðar viðhorf til klósettferða)
- Meiri aga í kennslustundir
- Kennarar leggi meiri áherslu á umræður og þátttöku nemenda
- Fjölbreyttari kennsla – skemmtilegri kennsla (Nemendur ræddu um spegilkennslu)
- Heimavinna – skýrari fyrirmæli

Skólinn

Almennt:

- Fínt húsnæði
- Skómálin: Hafa kosningu um hvort að skóreglan sé eitthvað sem að skólinn sem heild hefur áhuga á að viðhalda
- Vilja vera inni á útiskóm
- Færa starfsbrautina á 1. hæð, til að gera þau að sýnilegri þátttakendum, einnig í neyðartilvikum, auðveldara aðgengi
- Mála skápa í litum – gæti verið verkefni fyrir listnámið (líkt og gert var í MH)
- Koma betur í veg fyrir að reykingarlykt berist inn í skólann
- Betra viðmót á skrifstofunni og hjá tæknimönnunum

Mötuneytið:

- Mötuneytið – dýrt, einhæft, framboð byggt á boðum og bönnum
- Vilja ódýrari mat meira vöruúrval, ekki einnota borðbúnað (óumhverfisvænt)
- Hraðsuðuketill
- Kaffiaðstöðu í málmdeildinni
- Betra kaffi

Félagslífið

- Ánægja með gott félagslíf
- Of mikil forræðishyggja (busun, meira frelsi)
- Vantar heimasíðu – dagskrá (betrumbæta heimasíðuna)
- Vantar félagslíf fyrir eldri nemendur
- Fleiri nefndir
- Fleiri litla viðburði
- Djasskvöld
- Betri og líflegri stofukynningar
- Leyfa áfengi á skólaböllum ef nemendur eru eldri en 20 ára
- Virkara nemendafélag, meira áberandi
- Sækja frekar eftir að heyra hugmyndir nemenda – hugflæðisfundir í byrjun annar
- Fleiri fótbolta og körfuboltamót
- Vinna með nemendafélaginu að gera skólann líflegri – skreyta ganga, stofur og sal með list (losna við stofnannabraginn)
- Klúbbastarf – skólinn opinn á kvöldin og um helgar
- Tengjast betur öðrum skólum
- Ódýrari skemmtun
- Heilsudagar oftari
- Bjórkvöld – Póker
- Félagslíf innan félagslífsins, það er nemendafélagið með sitt eigið, ekki jákvætt
- Líflegri kosningabaráttu